

131. fundur skólanefndar ME

haldinn 4. ágúst 2016 kl. 17:00 í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Steinunn Ásmundsdóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Gauti Jóhannesson. Esther Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Hlynur Ármannsson, Ísar Tandri Hlynsson og Steinunn Snædal. Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Elín Rán Björnsdóttir mannauðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

- 1. Staðfesting fundargerðar 130. fundar.**
- 2. Starfsmannaráðningar:**
- 3. Innritunartölur**
- 4. Fjármál**
- 5. Samningar**
- 6. Ytra mat**
- 7. Önnur mál**

Formaður setti fund kl. 17:00 og þakkaði fundarmönnum fyrir að bregðast við með skömmum fyrirvara að mæta á fund. Hann bauð nýráðinn skólameistara, Árna Ólason, velkominn til starf, setti fund og svo var gengið til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar 130. fundar

Fundargerð 130. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var staðfest með undirritun af þeim sem sátu þann fund.

2. Starfsmannaráðningar

Árni fór yfir starfsmannaráðningar. Hilma Lind Guðmundsdóttir var ráðin ræstingastjóri. Selja Hvönn Eðvaldsdóttir var ráðin sem stuðningsfulltrúi. Gengið hefur verið frá ráðningu í tvær afleysingastöður án auglýsingar: Fannar Ingi Veturliðason leysir Valgerði íþróttakennara af í vetur og Dagur Skírni Óðinsson kennir áfanga Jóns Inga fram að áramótum vegna veikindaleyfis. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þessar ráðningar.

Sigrún Hólm Þorleifsdóttir tilkynnti í lok júlí að hún hefði ráðið sig annað og kemur því ekki til starfa í haust eins og stóð til. Áfangar sem hún hefur kennt verða kenndir gegnum Fjarmenntaskólann.

Staða áfangastjóra var auglýst á Starfatorgi í sumar þegar fyrir lá að Árni yrði skólameistari. Sex umsóknir bárust og fór Elín yfir umsækjendur og röðun þeirra. Skólameistari lagði til að gengið yrði til samninga við Arnar Sigbjörnsson, ekki síst vegna þess að hann hefur sinnt starfi áfangastjóra og getur tekið þegar til starfa. Skólanefnd gerði ekki athugasemdir við það og fagnaði hve margir hæfir hefðu sýnt starfinu áhuga.

3. Innritunartölur

Skólameistari fór yfir innritunartölur. 79 nýnemar eru skráðir á móti 60 í fyrra sem er ágæt fjölgun miðað við að árgangarnir á Austurlandi eru svipaði að stærð. 283 nemendur eru skráðir í dagskóla en voru um 270 í dagskóla í fyrra. Skráningar í fjarnám berast á hverjum degi og eru 40-50 þegar búnir að skrá sig í fjarnám.

Skólanefnd lýstir ánægju með að nýnemum væri að fjölga enda árið í fyrra sögulegt lágmark. Nefndarmönnum lögðu áherslu á að kynningarmálum yrði sinnt vel í vetur og haldið áfram að reyna að laða austfirski nemendur til náms í heimabyggð.

4. Fjármál

Nýr fjármálastjóri er ekki kominn til starfa og vegna gagnaskorts var þessum lið frestað til næsta fundar.

5. Samningar

a) Samningur um námsráðgjöf við Handsverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað

Lagður var fram til kynningar samningur milli ME og Handverks- og hússtjórnarskólans á Hallormsstað um aðgang HHH að námsráðgjafa. Skólameistarar hafa fundað um samninginn ásamt námsráðgjafa ME sem mun sinna starfinu. Skólanefnd gerði ekki athugasemd við samninginn.

b) Leigusamningur vegna sumarhótels

Samningur við Ásgarð hf. vegna reksturs sumarhótels í húsnaði skólans rennur út árið 2016. Frá síðasta fundi hafði fráfarandi skólameistari tekið saman tekjur og fleiri upplýsingar um leiguna og fór skólameistari yfir þær. Skólanefnd leggur til að reynt verði að hækka prósentutölur í samningnum enda sé góður gangur í ferðaþjónustunni þessi misserin. Skólameistara og formanni skólanefndar falið að ljúka samningsgerðinni.

6. Ytra mati

Fulltrúar ráðuneytisins eru ekki búið skila endanlegri skýrslu til skólans en hafa fengið athugasemdir við drög frá skólameistara og formanni skólanefndar. Þessum lið því frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

- a) Skólameistari fór yfir verkefni framundan og það sem byrjað er að vinna í. Leiðsagnarmat, þróunaráætlun og fleira verður m.a. tekið fyrir á starfsdögum í ágúst.
- b) Skúli spurði um stöðuna á samstarfi við VA. Ekkert að fréttu af því og skólameistara falið að setja sig í samband við VA og fá fund með þeim ásamt skólanefndarformanni.
- c) Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum fundi með nefnd á vegum SSA um háskólanám á Austurlandi um miðjan ágúst. Ein af hugmyndum er að ME ýti af stað vinnu við gerð ferðaþjónustulínu við skólann í samvinnu við fagaðila á svæðinu. Sú vinna verður vonandi kláruð á fyrri hluta þessa skólaárs.
- d) Skúli lagði til að fundardagskrá vetrarins yrði svohljóðandi og áfram yrði fundað á þriðjudögum kl. 17:00 nema eitthvað sérstakt bæri við:
 - 132. fundur - 20. september
 - 133. fundur - 22. nóvember
 - 134. fundur - 31. janúar
 - 135. fundur - 11. apríl
 - 136. fundur - 13. júní

Þessir fundardagar samþykktir og einnig samþykkt að fundarboð verði send út í gegnum Calender eða Outlook svo að nefndarmenn fái þá inn í tæki sín.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:58. Fundargerð ritaði Elín Rán Björnsdóttir.